# FLATEYJARHÖFN Á SKJÁLFANDAFLÓA – GJALDSKRÁ 2016

**Gildissvið**

**1.gr.**

Gjaldskrá þessi gildir fyrir Flateyjarhöfn á Skjálfandaflóa og er sett skv. heimild í 17. gr. hafnarlaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðaákvæði nr. 1.

**Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda**

**2.gr.**

Skrifstofa Þingeyjarsveitar sér um innheimtu allra hafnargjalda. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

**3.gr.**

Fyrir hvern farþega með farþegabátum, €1.00 á hvern fullorðinn farþega. Fast gjald, kr. 70.000 á þá báta sem stunda farþegaflutninga til eyjarinnar s.s. skemmtiferðaskip og hvalaskoðunarbátar.

**4.gr.**

Skipstjóri eða útgerðaraðili farþegaskips skal tilkynna um fjölda farþega og bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis– og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd.
Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins.

*Samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 10.12.2015*